

Stjórnarfundur í Bárinni, stéttarfélagi ánuðaginn 13. des 2010 kl 18:00

Mættir:

Halldóra Sveinsdóttir, formaður
Örn Bragi Tryggvason, varaformaður
Steingrímur Jónsson, meðstjórnandi
Ingibjörg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Kjartansson, meðstjórnandi
Ragnhildur Eiríksdóttir, meðstjórnandi
Loftur Guðmundsson, meðstjórnandi
Ingvar Garðarsson, varamaður
Hjalti Tómasson, varamaður og fundarritari

Í upphafi fundar var reiddur fram léttur málsverður eins og venja er um síðasta stjórnarfund ársins.

1.

Formaður fór yfir stöðuna í upphafi samningaviðræðna og kvað hana erfiða eins og við mætti búast við núverandi aðstæður. Sagði í stuttu máli frá fyrsta fundi með viðsemjendum þar sem kröfur voru lagðar fram og kynntar.

2.

Halldóra greindi frá ferð sinni á Nordic Union í Svíþjóð. Sagði aðeins norrænu samstarfi og frá nokkrum málum sem þar voru uppi á borðum.

3.

Tekið fyrir bréf frá lögfræðingi félagsins þar sem farið var fram á að stjórnin tæki ákvörðun um hvort halda ætti til streitu kröfu á ungan mann sem kærður var fyrir skemmdarverk á sumarbústað í eigu félagsins. Í bréfinu kemur fram það álit lögfræðingsins að hæpið sé að halda uppi kröfunni þar sem viðkomandi sé eignalaus og nýbúið að framkvæma hjá honum árangurslaust fjárnám og því eftir litlu að slægjast þar. Stjórn ákvað því með hliðsjón af framansögðu að láta kröfuna niður falla.

4.

Undir liðnum Önnur mál voru rædd nokkur mál en ekkert sem krafðist ákvarðanatöku stjórnar.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 21:00

Hjalti Tómasson